

38

1. marz

AUGLÝSING**um varúðarráðstafanir vegna gin- og klaufaveikihættu.**

Þar sem gin- og klaufaveiki hefur orðið vart í Kanada í Norður-Ameríku, er hér með ákveðið að fyrirmæli auglýsinga landbúnaðarráðuneytisins, nr. 197 21. nóv. 1951 og nr. 208 6. des. 1951, skulu einnig taka til innflutnings á vörum frá Kanada.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. marz 1952.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

39

25. febr.

HAFNARREGLUGERÐ**fyrir Ólafsvíkurkaupþún.****I. KAFLI****Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Ólafsvíkurhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Sjávarfossi í Fossá í Bullusker, og þaðan lína, er hugsast dregin í vestur á Rif, og lína frá Loðnugjá í Ólafsvíkurenni hornrétt í fyrrnefnda línu.

II. KAFLI**Stjórn hafnarinnar.****2. gr.**

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna. Hver nýkjörin hreppsnefnd kys á fyrsta fundi sínum fimm manna hafnarnefnd og jafnmarga varamenn, til fjögurri ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu vera hreppsnefndarmenn, svo og varamenn þeirra. Hinir þrír aðalmenn og varamenn skulu kosnir utan hreppsnefndar. Nýkosin hafnarnefnd velur sér formann á fyrsta fundi sínum, svo og hafnarvörð, og setur honum starfsreglur.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á henni, og stýrir framkvæmdum, annast alla innheimtu á gjöldum til hafnarinnar og hefur á hendi reikningshald, stjórnar sjóðum undir eftirliti hreppsnefndar, enda ber hreppsnefnd ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsins.

Reikningar hafnarinnar skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI**Hafnarsjóður.****3. gr.**

Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, eingöngu varið í þarfir hafnarinnar. Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annarra fyrirtækja hreppsins eða binda það í lánum til þeirra.